

Fyrirspurn

til velferðarráðherra um hættu af kjarnorkuslysi í Sellafield.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hefur ráðherra kynnt sér skýrslu Geislavarna Noregs (Statens Stråleværn) frá 25. janúar 2011 um áhrif þess á umhverfi og landbúnað í Noregi ef 1% af hágeislavirkum vökva sem er geymdur á svæði B512 í Sellafield á Bretlandi slyppi út í andrúmsloftið vegna sprengingar eða bruna í endurvinnslustöðinni?
2. Hefur hættan af geislavirkni á Íslandi vegna slyss eða óhapps í Sellafield verið metin og ef ekki, hyggst ráðherra læra af verklagi Norðmanna og óska eftir því að Geislavarnir ríkisins meti hættuna af óhappi eða slysi í Sellafield fyrir Ísland?

Skriflegt svar óskast.